



**Annar viðauki þjónustusamnings milli félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, Síðumúla 24, 105 Reykjavík, kennitala: 521218-0610, Vinnumálastofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, kennitala: 700594-2039, og Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður, kennitala: 540596-2639, um samræmda móttöku flóttafólks sem undirritaður var 4. apríl 2024.**

1. gr.

Við 6. gr. samningsins bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í þeim tilvikum þegar þjónustusali er með gildan samning við sveitarfélag um að veita félagslega aðstoð til íbúa þess sveitarfélags, er heimilt að skrá einstakling í aukna þjónustu hjá þjónustusala á grundvelli samnings þessa þrátt fyrir að viðkomandi einstaklingur sé með skráð lögheimili í því sveitarfélagi sem gert hefur þjónustusamning við þjónustusala. Greiðsla fyrir þjónustuna fer eftir 2. gr. samningsins líkt og viðkomandi einstaklingur væri með skráð lögheimili hjá þjónustusala.

2. gr.

Viðauki þessi er undirritaður rafrænt og gildir frá og með 13. september 2024.